

Borgarstjórn Reykjavíkur

5. maí 2015

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokks um innleiðingu nýsköpunarumhverfis í velferðarþjónustu:

Borgarstjórn samþykkir að hefja tilraunaverkefni næsta haust þar sem gerð verður úttekt á nýsköpunarumhverfi valdra eininga velferðarsviðs. Úttektin verði gerð að utanaðkomandi aðilum. Nýsköpun er háð því að stjórnendur og starfsmenn hafi frelsi og getu til að prófa nýjar hugmyndir og leiðir til að nálgast verkefni sín. Starfsumhverfið, viðhorf og menning innan fyrirtækjanna geta þar skipt sköpum. Nauðsynlegt er að starfsumhverfi mismunandi eininga innan velferðarsviðs verði tekið til sérstakrar skoðunar hvað þetta varðar. Horft verði til þess hvort umhverfið gefi nægt rými til nýsköpunar, hvetji til jákvæðra samskipta, frumkvæði og lausnamiðaðri hugsun. Skilgreindir verði styrkleikar og veikleikar mismunandi eininga. Úttektin nái til allra hlutaðeigenda, stjórnenda, starfsmanna, notenda og hagsmunaaðila.